


ÁHRIF ÚTHAFSVEIÐA Á LAXVEIÐINA Í
LAXÁ Í AÐALDAL 1989

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1989

VMST-N/89010



VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

ÁHRIF ÚTHAFSVEIÐA Á LAXVEIÐINA Í LAXÁ Í AÐALDAL 1989

INNGANGUR

Það hefur löngum loðað við að þegar lítil laxgengd er á Íslandi hafa skotið upp kollinum hugmyndir um að kenna megi um mikilli úthafsveiði á laxi, þá fyrst og fremst veiði Færeyinga og Grænlandinga. Þótt vitað sé að íslenskur lax veiðist á báðum miðunum þá hefur fátt þótt benda til þess að þarna geti verið um stóran toll á laxastofnum okkar að ræða.

Haustið 1988 komu fram í sjóveiðum Grænlandinga 3 íslensk merki, 2 úr Kollafirði og 1 úr Laxá í Aðaldal. Í nóvember og desember 1988 komu fram í veiðum Færeyinga alls 13 íslensk merki, öll úr ám á Norðurlandi. Tvö merkjanna voru úr Miðfjarðará, eitt af hoplaxi úr Blöndu, tvö úr Svartá, eitt úr Kolku og sjö úr Laxá í Aðaldal.

Þessar heimtur benda til þess að eftir því sem austar dregur á Norðurlandi, því meira hafi laxastofnarnir lent í veiðum Færeyinganna. Rannsókn sem Dennis Scarnecchia hefur gert á breytingum í hlutfalli smálaxa og stórlaxa í ám á Norður- og Austurlandi bendir til hins sama. Í nokkrum ám á Austurlandi tengist minnkandi hlutfall stórlaxa úthafsveiðum við Færeyjar. Þess skal getið að engum merktum gönguseiðum var sleppt í ár á Norðaustur og Austurlandi, austan við Laxá, árið 1987.

Þessar heimtur á íslenskum merkjum hafa orðið til að auka enn umræðuna um hugsanleg áhrif úthafsveiða á laxgengd hérlendis. Það er ætlun mín hér að athuga sérstaklega hver áhrif veiðar Grænlandinga 1988 og Færeyinga 1988-89 gætu orðið á stórlaxa-veiði í Laxá í Aðaldal í sumar.

ÚTHAFSVEIÐAR Í N-ATLANTSHAFI

Grænlandingar veiða mest við Vestur-Grænland og í mun minna mæli við Austur-Grænland. Þarna veiðist lax sem ætlar að vera meira en eitt ár í sjó, þ.e.a.s. tilvonandi stórlax. Talið er að um helmingur þess sem þar veiðist sé að uppruna til frá N-Ameríku og hinn helmingurinn af Evrópskum uppruna. Eitthvað rokkar þetta hlutfall til milli ára. Þarna veiðast því laxar allstaðar að nema úr ám sem falla í Eystrasalt.

Veiðar Grænlandinga eiga sér langa sögu, en þær uxu verulega um miðjan 7. áratuginn og voru á árunum 1969-1975 yfir 2000 tonn árlega. Veiðarnar hafa hin síðari ár verið takmarkaðar með fjölpjóða samkomulagi og eru nú um 900 tonn á ári.

Veiðar Færeyinga hófust í smáum stíl 1968 og voru á bilinu 0-40 tonn fram til ársins 1979. Það ár fóru þær í 106 tonn og voru komnar í rúm 1000 tonn 1981.

Á undanförnum árum hafa veiðar Færeyinga verið takmarkaðar við rúm 600 tonn árlega með samningum. Sá lax sem veiðist við Færejar er fyrst og fremst af Evrópskum uppruna og er talið að þar sé stærstur hlutur norskra, sænskra og skoskra laxa.

Í veiðum Færeyinga eru bæði smálaxar og stórlaxar, en uppistaðan í afla þeirra hin síðari ár eru þó laxar sem eru á öðru ári í sjó.

Til að setja þessar úthafsveiðar í stærra samhengi er rétt að taka það fram að á undanförnum árum hefur heildarveiði á laxi við Norður-Atlantshaf verið 7-10000 tonn. Þar af hafa veiðar í N-Ameríku verið 1-2000 tonn. Veiðar Íslendinga hafa verið 150-300 tonn. Það er því augljóst að íslenskur lax er mjög lítið hlutfall af þeim laxi sem Grænlandingar og Færeingar veiða. Spurningin er heldur hin hve stórt hlutfall af okkar laxi þeir veiða.

GÖNGUSEIÐAMERKINGAR Í LAXÁ Í AÐALDAL

Gönguseiðum hefur um langt árabil verið sleppt í Laxá í Aðaldal, en merkingar slíkra seiða voru einungis gerðar á árunum 1982-1985 og svo aftur 1987. Í Töflu 1 er gefið yfirlit yfir árangur sleppinganna á fyrstu árunum. Heimtur virðast hafa farið smá batnandi á þessum tíma, en mikil óvissa ríkir um hve stór hluti merkja hafi komið fram.

Fyrstu tvö árin voru heimturnar mjög litlar og það er áberandi að þá voru flestir laxarnir sem heimtust stórlaxar. Sleppingarnar 1984 og 1985 skiluðu hinsvegar hlutfallslega miklu fleiri smálöxum.

Laxar sem heimst hafa í öðrum ám veiddust fyrst og fremst í Vopnafjarðaránum, en nokkrir hafa einnig komið fram í ám í Húnavatsýslu. Ekki er vitað til að lax úr þessum merkingum hafi nokkru sinni komið fram í úthafsveiðum. Heildarheimturnar eru þó mjög lágar, einkum af stórlaxi, þannig að líkurnar á að slíkur lax fyndist eru mjög litlar.

Árið 1986 voru gönguseiði sem sleppt var ekki merkt en árið 1987 var sleppt merktum gönguseiðum í Laxá, annarsvegar niður við ós og hinsvegar fyrir löndum Árnes og Hólmavaðs framur í ánni. Merktir voru tveir hópar á hvorum stað.

Sleppingarnar frá 1987 hafa skilað sér sem smálax um tvisvar sinnum betur en áður hefur þekkt. Alls bárust Veiðimálastofnun merki úr 60 smálöxum veiddum í Laxá, 10 veiddum í Selá og Hofsa í Vopnafirði og 4 veiddum í Vatnsdalsá (Tafla 2).

Samkvæmt upplýsingum Völundar Hermóðssonar í Árnesi komu alls 45 veiðiuggaklipptir laxar á land þar. Hinsvegar bárust sýni ekki nema úr um helmingi þeirra eða alls 23. Telja má

líklegt að merkjaskil úr veiðihúsinu í Vökuholti séu síst betri en úr veiðihúsinu í Árnesi.

Í sumar kemur endanlega í ljós hverjar heimtur verða úr sleppingunni 1987 en hingað til hafa borist 8 merki úr sjávarveiðum Færeyinga og Grænlandinga, af laxi sem var á öðru ári í sjó. Þetta gæti bent til að hlutfall tveggja ára laxa yrði verulega herra en úr sleppingunum 1984 og 1985.

Það skal sérstaklega tekið fram að leitað er að merkjum í um þriðjungum af aflu Færeyinga og okkur hafa ekki borist niðurstöður af merkjaleit frá áramótum en veiði þeirra lauk um miðjan apríl. Leitað er af merkjum í tæpum 8% af aflu Grænlandinga.

ÁHRIF ÚTHAFSVEIÐA Á STÓRLAXAGENGD Í LAXÁ 1989

Útreikningar á áhrifum úthafsveiða grundvallast á mörgum forsendum sem nauðsynlegt er að ganga útfrá. Hér verður fyrst gerð grein fyrir þessum forsendum og hvaða áhrif skekkja í þeim hefur á útreikninga.

- 1) Gert er ráð fyrir að sömu líkur séu á að merktur lax úr gönguseiðasleppingu veiðist í úthafinu og lax úr göngu villtra seiða úr ánum. Séu líkurnar meiri eru áhrif veiðanna minni en reiknað er með.
- 2) Gert er ráð fyrir að sama hlutfall merktra laxa sé tvö ár í sjó eins og villtra ómerktra laxa. Sé þetta hlutfall herra fyrir merkta laxa eru áhrif veiðanna minni en reiknað er með.
- 3) Gert er náð fyrir að auk þeirra laxa sem veiðast við Færeyjar og Grænland deyi önnur 20% af völdum veiðanna, án þess að þessir laxar komi fram í veiðinni. Þarna eru taldir laxar sem losna af önglum eða úr netum en drepast síðar af sárnum sínum, laxar sem ekki eru gefnir upp o.s.frv. Tuttugu prósent er sú tala sem vísindanefnd ICES um veiðar á Atlantshafslaxi hefur áætlað. Sé þessi tala hærri eru áhrif veiðanna meiri en reiknað er með.
- 4) Gert er ráð fyrir að náttúruleg dánartala laxa á öðru ári í sjó sé um 10% á ári. Þessi tala er fengin á sama hátt og talan í lið 3. Sé dánartalan hærri eru áhrif veiðanna minni en reiknað er með.
- 5) Gert er ráð fyrir að 1700 stórlaxar hefðu veiðst í Laxá 1989 ef ekki hefðu komið til úthafsveiðarnar. Þessi áætlun byggir á því að 1988 veiddust 1350 smálaxar í Laxá sem myndu að meðaltali gefa um 1700 stórlaxa á næsta ári. Það eru þó nokkrar sveiflur í þessu og því herra sem hlutfall stórlaxa verður, því minni verða útreiknuð áhrif veiðanna.

- 6) Gert er ráð fyrir að merkjum af öðrum hvorum merktum laxi sem veiddist í Laxá hafi verið skilað til Veiðimála- stofnunar. Því betri sem skilin hafa verið, því meiri verða áhrif úthafsveiðanna.
- 7) Gert er ráð fyrir að í Laxá veiðist 50% þeirra laxa sem í ána ganga. Því herra sem veiðiálagið er, því meiri myndu áhrif úthafsveiðanna verða.

Samkvæmt þessum forsendum hafa veiðar Færeyinga til áramóta leitt til fækkunar í merktum stórlöxum í Laxá á næsta ári um rúmlega 23 og veiðar Grænlandinga um rúmlega 14 laxa, eða alls fækkun um 38 merkta stórlaxa.

Hafi 120 merktir smálaxar veiðst s.l. sumar í Laxá ættu í sumar að veiðast þar 153 merktir stórlaxar. Miðað við 50% veiðiálag fækkar þeim um 19 vegna úthafsveiðanna eða rúm 12%. Af áætlaðri 1700 laxa veiði yrðu þetta því 211 stórlaxar sem vantaði í veiðina 1989 og þá 422 sem vantaði í gönguna.

Það er ástæða til að ítreka að þessir útreikningar eru háðir ýmsum forsendum sem vel gætu breyst. Áreiðanlegri áætlun um áhrif veiðanna verður hægt að gera í haust þegar séð verður hver fjöldi stórlaxa é veiðinni verður og hvað hlutfall þeirra verður mikið. Þangað til er þetta besta áætlun sem við höfum og hún gerir ráð fyrir að áhrif úthafsveiða sé mun meiri en við höfum hingað til talið líkur á að hún geti verið.

Það getur verið að hér sé um einstakt tilfelli að ræða, en þetta getur líka endurspeglað þá staðreynd að heimtur merktra seiða á Norðurlandi hafa allt fram til þessa verið sáralitlar. Því er nú brýnt að merkingar verði auknar og leit að merktum löxum í afla aukin, vilji menn fá nánari vitneskju um hlutfall norðlenskra laxa sem veiðast á fæðisgöngunni um Atlantshafið.

Tafla 1. Endurheimtur merktra gönguseiða í Laxá í Aðaldal 1982-1985.

Ár	Fjöldi merkja	Endurheimtur í Laxá		Endurheimtur í öðrum á		Samtals
		smálax	stórlax	smálax	stórlax	
1982	6400	1	5	-	-	6 (0.1%)
1983	6019	1	10	-	1	12 (0.2%)
1984	5002	16	11	3	1	31 (0.6%)
1985	5003	22	10	5	-	37 (0.7%)

Tafla 2. Endurheimtur smálaxa 1988 úr gönguseiðasleppingum 1987 í Laxá í Aðaldal. Villtir fiskar veiddust í Hofsa, Selá og Vatnsdalsá.

codi	fj.	sleppi staður	endurh. í Vökuholt		endurh. í Árnes		endurh. úr öðrum ám		heildar heimtur	
			fj	%	fj	%	fj	%	fj	%
100613	2347	neðri	17	0.72	7	0.30	5	0.21	29	1.24
090513	1658	neðri	10	0.60	1	0.06	1	0.06	12	0.72
Samtals	4005	neðri	27	0.67	8	0.20	6	0.15	41	1.02
021413	1901	efri	6	0.32	10	0.53	4	0.21	20	1.05
021501	2106	efri	4	0.19	5	0.24	4	0.19	13	0.62
Samtals	4007	efri	10	0.25	15	0.37	8	0.20	33	0.82

Tafla 3. Heimtur merktra laxa í sjávarveiði úr sleppingunum í Laxá í Aðaldal 1987. Veiði Færeyinga var í nóv. og des. 1988, en laxinn sem kom fram við Vestur Grænland veiddist í september 1988.

codi	fj.	sleppi staður	veitt við Færejar	veitt við V-Grænland	samtals
100613	2347	neðri	3	1	4
090513	1658	neðri	2	-	2
021413	1901	efri	2	-	2
021501	2106	efri	-	-	-
Samtals	8012		7	1	8 (0.1%)

SKYR89
SJODAN.88